

Baðstofulíf

-samanburður á málverki og ljósmynd-

Fyrir tíma ljósmynda á Íslandi voru myndir málaðar.

Í Þjóðminjasafni Íslands má finna gamalt málverk sem danskur maður málaði árið 1861 þegar hann var í heimsókn á Íslandi.



Málverkið sýnir fólk í baðstofu í torfbæ á dimmu vetrarkvöldi. Baðstofan var herbergi í torfbænum þar sem fólk hélt til á kvöldin, sérstaklega á veturna. Það notaði tímann á kvöldin til þess að búa til band úr ullinni, þrjóna, búa til skó og fleira sem ekki gafst tími til á daginn. Oft var einhver sem las, söng eða sagði sögur til þess að stytta hinum stundina. Þá var hvorki til útvarp né sjónvarp. Þessi kvöldstund kallaðist *kvöldvaka*.

Í baðstofunni svaf fólk líka og borðaði matinn sinn, sitjandi á rúmstokknum með askinn sinn í kjöltunni.

Ljósmyndina af fjölskyldu í baðstofu tók ljósmyndarinn Bárður Sigurðsson árið 1906. Hvað eru mörg ár síðan þá? _____

Þetta er elsta ljósmyndin sem til er af fólki í baðstofu. Takið eftir hvað eru margir inni í baðstofunni. (þarf að nálgast mynd í stærri upplausn)



Skóðu myndina vel og svaraðu síðan spurningum á næstu blaðsíðu

5. Hvað er ólíkt á þessari ljósmynd og málverkinu úr baðstofunni? Hvað er líkt?

6. Hvað eru margir fullorðnir á myndinni? _____

Hvað eru mörg börn? _____

Hvað eru margir í þinni fjölskyldu? _____

7. Hvað heitir verkfærið með hjólinu á? _____

Til hvers var það notað?

8. Hvað eru stelpurnar á myndinni að gera? _____

9. Hvað eru strákarirnir að leika sér með? _____

Myndir þú vilja eiga svona leikföng? _____

Af hverju/af hverju ekki?

10. Hvernig eru föt fólksins á myndinni öðruvísi en fötin okkar?
